

3-4 nov Hótel Hoffleikum

STEFNUYFIRLÝSING

LANDSFUNDAR KVENNALISTANS, haustið 1984

Við kvennalistakonur heilsum vetri og þjóðum velkomnar til starfa nýjar konur víða um land og sérstaklega hinn nýja anga kvennalistans á Vesturlandi.

Við fögnum þeim baráttukrafti sem konur hafa sýnt í þeim átökum sem hafa einkennt þjóðlífið að undanfögnu. Þau átök minna um margt á ófrið þjóða í milli og er sú staða undarleg þar sem um er að ræða deilur löglegrar kosinnar ríkisstjórnar við kjósendur sína og starfsmenn. Í þessum átökum hafa sömu leikreglur gilt og á ófriðartímum, þar sem sterkari aðilinn reynir að knýja hinn veikari til uppgjafar. Þeir sem vilja ná fram rétti sínum undir slíkum kringumstæðum verða að sýna mátt sinn og megin áður en litið er á þá sem verðuga andstæðinga sem hægt er að semja við. Slík vinnubrögð endurspeglar það hugarfar sem er orsök misréttis og veldur ófriði og styrjöldum. Launþegar hafa að undanfögnu sýnt samstöðumátt sinn og fært miklar fórnir í baráttu við ríkisstjórn sem hefur kosið að líta á þá sem andstæðinga sína. Í ófriði verða þeir ætíð harðast úti sem síst mega við því. Konur sem eru lægst launaðar vinnukraftur þessa samfélags eru meirihluti þeirra sem hafa verið án launa svo vikum skiptir. Þær hafa í þessu verkfalli staðið þétt saman og verið sá hópur sem erfiðast hefur verið að knésetja. Konur una því ekki lengur að störf þeirra séu vanmetin og að laun þeirra dugi engan veginn fyrir nauðsynjum. Konur una því heldur ekki að störf þau er þær inna af hendi séu ekki metin sem ábyrgðarstörf þar sem þau lúta að fólki, menntun barna, hjúkrun sjúkra og umönnun aldraðra - störf sem eru forsenda þess að þjóð haldi mennsku sinni. Konur vita líka að laun þeirra hafa ekki skapað óðaverðbólgu og að það er ekki þeirra sök að þjóð okkar er að sökkva í fen erlendra skulda. Konur vita að rangar fjárfestingar, sóun verðmæta og sjónarmið stundargróða

eru orsök þess efnahagsvanda sem þjóðin á nú við að glíma. Sá efnahagsvandi verður ekki leystur með niðurskurði félagslegrar þjónustu sem íslenskir launþegar hafa lagt á áherslu í samningum undarfarin ár, jafnvel á kostnað launahækkana.

Konur treysta ekki mönnum sem skeyta ekki um menntun barna sinna, aðbúnað foreldra sinna í ellinni og telja að þeir sem sjúkir eru eigi að fá læknishjálp í hlutfalli við tekjur. Konur vita að slíkir menn hafa ekki þá ábyrgðartilfinningu sem til þarf að veita þjóðarheimilinu forstöðu.

Þá er athyglisvert að konur um allt land hafa risið upp og hafnað aukinni stóriðjuuppbyggingu sem hingað til hefur verið lögð ofuráhersla á. Stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostur og nú eru fram-sæknustu iðnaðarríki heims að flytja stóriðju sína úr landi til að rýma fyrir hagkvæmari iðnaði heima fyrir. Stóriðja er fjárhagslega óarðbær og kallar á aukin ítök erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Stóriðja er mengandi og náttúruspillandi og hefur hlutfallslega upp á fá og dýr störf að þjóða. Á undanfórnum árum hefur einnig verið farið of hratt í virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju og er svo komið að hlutdeild Landsvirkjunar í erlendum skuldum Íslendinga er 60 af hundraði. Við viljum byggja upp atvinnuvegi sem ganga ekki í berhögg við náttúru landsins og nýta þá þekkingu og hugvit sem við búum yfir til að fullvinna afurðir okkar og skapa nýjar atvinnugreinar. Ísland hefur sérstöðu meðal þjóða, hér er hreint og tært loft, landið og hafið umhverfis^{okkur}er gjöfult og hér býr fólk sem hefur góða og almenna menntun og býr yfir mikilli fræðilegri þekkingu. Við þurfum að efla og hlúa að rannsóknarstarfsemi, byggja upp iðnað sem hent-
ar okkur vel, eins og líftækni- og rafeindaiðnað - ylrækt og fiskeldi - auka fjölbreytni í íslenskum landbúnaði og fullnýta sjávarafurðir okkar án óhóflegs milliliðakostnaðar. Það ætti að vera heillandi starf fyrir hverja ríkisstjórn að fást við slíka atvinnuuppbyggingu. Kvennalistakonur benda á mikilvægi þess að land okkar og hafið umhverfis verði friðað af kjarnorkuvopnum og beinir því til forystumanna sjávarútvegsins að þeir taki undir þá

Það er ljóst að hugarfarsbylting er forsenda þess að öllum markmiðum Kvennalistans verði náð. Slíkrar hugarfarsbreytingar er reyndar þegar farið að gæta víða í Evrópu og má þar m.a. nefna vöxt og viðgang kvennahreyfinga, friðarhreyfinga og umhverfisverndarhópa. Á Íslandi sér þessarar þróunar einnig stað. Slíkt eru enda eðlileg viðbrögð við hinni óeðlilegu tvískiptingu milli einkalífs og opinbers lífs hjá öllum þorra almennings.

Það hefur orðið æ ljósara á undanförunum árum að það "lýðræði" sem við búum við og byggir á fámennisstjórnnum kjörinna fulltrúa leiðir alla jafna af sér misskiptingu valda og óvirkni almennings. Gott dæmi um þetta er að í hálf tannað ár hafa "lýðræðislega" kjörnir fulltrúar okkar á alþingi millifært fjármuni frá launafólki til atvinnurekenda án þess að launafólk gæti rönd við reist. Einnig sýnir sú skerðing sem átt hefur sér stað á allri félagslegri þjónustu að undanförunu að þessir sömu fulltrúar hafa vald til þess að gera margra áratuga réttindabaráttu að engu með einu pennastriki.

Þessi valdníðsla bitnar ekki síst á konum. Það er því ekki að ófyrirsynju að samtök um kvennalista urðu til, samtök sem öðru fremur beita sér fyrir bættum hag kvenna og barna. Í þeirri baráttu mun Kvennalistinn hafa frumkvæði að þeim málum á Alþingi Íslendinga er varða hagsmuni kvenna og barna sérstaklega. Jafnframt leggur Kvennalistinn ríka áherslu að teknar verði upp nýjar og breyttar starfsaðferðir jafnt á alþingi sem í öðrum stofnunum þjóðfélagsins með það fyrir augum að tryggja raunverulegt lýðræði; að sem flestir ráði sem mestu um eigið líf.

Það er ljóst að hugarfarsbylting er forsenda þess að öllum markmiðum Kvenna-
listans verði náð. Slíkrar hugarfarsbreytingar er reyndar þegar farið að gæta
víða í Evrópu og má þar m.a. nefna vöxt og viðgang kvennahreyfinga, friðar-
hreyfinga og umhverfisverndarhópa. Á Íslandi sér þessarar þróunar einnig stað.

RT. 12. // Slíkt eru enda eðlileg viðbrögð við hinni óeðlilegu tvískiptingu milli einka-
lífs og opinbers lífs hjá öllum þorra almennings.

Það hefur orðið æ ljósara á undanförnum árum að það "lýðræði" sem við búum
við og byggir á fámennisstjórnnum kjörinna fulltrúa leiðir alla jafna af sér
misskiptingu valda og óvirkni almennings. Gott dæmi um þetta er að í hálf
annað ár hafa "lýðræðislega" kjörnir fulltrúar okkar á alþingi millifært
segið skert
fjármuni frá launafólki til atvinnurekenda án þess að launafólk gæti rönd
við reist. Einnig sýnir sú skerðing sem átt hefur sér stað á allri félags-

legri þjónustu að undanförunu að þessir sömu fulltrúar hafa vald til þess að
þrá þetta elsti félagsmálafatala sem var þannig sem enginn myndi aðfala
gera margra áratuga réttindabaráttu að engu með einu pennastriki. hversu þá? þetta
þetta.

Þessi valdníðsla bitnar ekki síst á konum. Það er því ekki að ófyrirsynju
að samtök um kvennalista urðu til, samtök sem öðru fremur beita sér fyrir
bættum hag kvenna og barna. hversu þá? I þeirri baráttu mun Kvennalistinn hafa frum-
kvæði að þeim málum á Alþingi Íslendinga er varða hagsmuni kvenna og barna
sérstaklega. Jafnframt leggur Kvennalistinn ríka áherslu að teknar verði
upp nýjar og breyttar starfsaðferðir jafnt á alþingi sem í öðrum stofnunum
þjóðfélagsins með það fyrir augum að tryggja raunverulegt lýðræði; að
sem flestir ráði sem mestu um eigið líf.